



Menntaskólinn á Egilsstöðum

Ársskýrsla 2016

Nokkur helstu atriði í starfsemi ME árið 2016:

1. Starfsemi ársins í tölum Húsnæði og lóð:

Kennsluhús ME er 2047 m² og heimvistar- og mötuneytishús er 3636 m². Kennaraíbúðir eru 363 m². Stærð lóðar 47.650 m² (skv fasteignamati).

2. Starfsmenn:

Á haustönn 2016 störfuðu 33 kennarar í 25 stöðugildum, þar af voru 19 konur í 14 stöðugildum og 14 karlar í 9 stöðugildum. Aldurssamsetning kennara er með þeim hætti að 15,5% þeirra eru eldri en 55 ára. 89% kennara er með full kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna. Hlutfall yfirstjórnar (skólam., aðstoðarskólam., áfangastj., fjármálastj. og náms- og starfsráðgjafar) yngri en 55 ára er 100%. Kynjaskipting yfirstjórnar er 3 konur í 2,6 stöðugildum og 2 karlar í 2 stöðugildum. Til viðbótar voru 2 kennarar í launalausum leyfi uppá 1,5 stg. Í náms og félagsráðgjöf voru alls 1,75 stg. á haustönn. Aðrir starfsmenn en kennarar voru 10 í 8,8 stg þar af 4 starfsmenn í ræstingum í 2,5 stg. og í mötuneyti skólans störfuðu 5 í u.þ.b. 3,5 stg.

3. Nemendafjöldi: Í upphafi vorannar voru 231 nemendur skráðir í dagskóla og 232 í fjarnám en á haustönn 2016 voru 276 skráðir í dagskóla við upphaf annar og 234 í fjarnámi. Ársnemendur 2016 voru 312.

4. Heimavist: Við upphaf vorannar voru 74 skráðir á vist en 3 hættu á önninni. Á haustönn voru 99 skráðir á vist en 2 hættu á önninni.

5. Námsframboð: Skólinn býður upp á nám til stúdentsprófs á mála-, félsgreina-, listnáms- og náttúrufræðibraut eftir nýrri skólanámskrá frá 2014. Einnig eru keyrðar starfsbraut (4 ár) og framhaldsskólabraut (1-2 ár).

6. Fjarnám í ME: Skólinn býður uppá öflugt fjarnám í nær öllum áföngum á stúdentsbrautum. Aðsókn í fjarnámið hefur verið mjög mikil síðustu árin og þakka menn það spennarkerfi skólans sem gefur kost á mun þéttara námi (7 vikna kennslu) og fjórum innkomum inní fjarnámið í stað tveggja í nær öllum öðrum skólum. Einnig eru kennarar mjög meðvitaðir um að veita fjarnemum skjóta og góða þjónustu.

Skráðir áfangar á skólaárinu 2016 voru rúmlega 1000 og fjarnámsnemendur voru nálægt 500 frá öllum landshornum og þónokkrir stunduðu fjarnám sitt erlendis frá. Ársnemar skólans í fjarnámi 2016 voru um 30 talsins.

7. Þróunarverkefni: Vorið 2016 fékk Menntaskólinn á Egilsstöðum styrk frá Menntamálastofnun til þess að vinna gegn brotthvarfi nýnema uppá kr 2.000.000. Ákveðið var að vinna með nýnemum á framhaldsskólabraut 1 þar sem brotthvarfsskimunarkönnun sem gerð var árið 2015 sýndi að nemendur á þeirri braut voru í hvað mestri brotthvarfshættu

Skólinn fékk einnig styrk frá sprotasjóði vegna verkefnisins **Listmenntun til sjálfbærni – listasmíðjur** sem snýr að listsköpun með sjálfbærni að leiðarljósi þar sem ungt listafólk úr fjórðungnum vinnur með nemendum Listnámsbrautar ME og ýmsum öðrum aðilum/hópum úr samfélaginu á sem fjölbreyttastan hátt í skapandi greinum; sjónlistum, tónlist og sviðslistum. Styrkupp hæð er um 2.500.000 kr.

Skólinn er enn fremur aðili að verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Meginmarkið verkefnisins er að stuðla, með markvissum hætti, að velferð og góðri heilsu nemenda skólans jafnt sem starfsfólks.

8. **Mat á skólastarfi 6.1 Innra mat:** Starfshópur um innra mat starfar við skólann. Verkefnisstjóri er Jón Ingi Sigurbjörnsson. Hópurinn gefur árlega út [skýrslu](#) um störf sín og eru þær aðgengilegar á vefsíðu skólans ásamt skýrslum um niðurstöður flestra kannana. Helstu verkefni hópsins árið 2016 voru:
 - a) Könnun á viðhorfum og líðan kennara í maí 2016 [<tengill>](#)
 - b) Áfangamatskönnun í nóv 2016 [<tengill>](#).
 - c) Matskönnun lögð fyrir nemendur í nóvember 2016 [<tengill>](#)

9. **Ytra mat og aðfengnar kannanir:** Gerð var úttekt á starfsemi skólans fyrir mmr á vordögum 2016. Þeirri úttekt stýrðu Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. Niðurstaða þeirrar könnunar má sjá [hér](#). Könnun SFR, „Stofnun ársins“, meðal starfsmanna kom nokkuð vel út fyrir starfsfólk skólans þetta árið og var skólinn í meðallagi í flestum matsþáttum. Þá skýrslu má sjá [hér](#). Í október var lögð fyrir nemendur könnun á vegum Rannsóknar og greiningar er nefnist „Ungt fólk 2016“.

10. **Umbótaáætlun í kjölfar mats:** Í kjölfar ytra mats könnunar á starfsemi ME, var mótuð umbótaáætlun næsta skólaárs fyrir ME undir stjórn Elínar Ránar mannauðsstjóra. Markmið umbótaáætlunar er að treysta þá þætti í skólastarfinu sem komu ekki nógu vel út úr matsskýrslu og eins að reyna að auka gæði skólstarfsins og þeirrar þjónustu sem ME stendur fyrir. Ýmsar nefndir skólans sem settar hafa verið á laggirnar eru einnig beinn og óbeinn hluti umbótaáætlunar, ss Endurmenntunarnefnd, heimasíðunefnd, umhverfisnefnd og jafnréttisnefnd. Umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið 2016 - 2017 má lesa [hér](#)

11. **Starfsbraut og þjónusta við nemendur með sérstakar þarfir:** Tíu nemendur voru skráðir á starfsbraut við skólann á vorönn 2016 en haustið 2016 hafði þeim fjölgað í 12. Á vegum Nemendabjónustu ME er nemendum veitt margháttuð þjónusta bæði almenn og sértæk. Meðal viðfangsefna NPME eru sértækir námserfiðleikar, athyglisbrestur með eða án ofvirkni, sálfélagslegir örðugleikar, heilsufarslegur vandi og fatlaðir nemendur.

12. **Rekstur heimavistar og mötuneytis:** Fækkun á heimavist skólans á árunum 2009-2012 þrengdi að rekstri mötuneytis skólans. Við því var brugðist með því að draga úr starfsmannahaldi eins og mögulegt er og ítrasta aðhaldi beitt á öllum sviðum rekstursins.

Aðgerðir þessar skiluðu því að rekstrarárin 2011-2012 og 2012-2013 voru hallalaus og tekist hefur að mynda varasjóð síðustu rekstrarár. Tap mötuneytis nam 1,5 milj. kr. á skólaárinu 2015-2016 en uppsafnaður varasjóður dekkar það og gott betur.

Rekstrarafkoma heimavistar og mötuneytis er nátengd fjölda heimavistarbúa en heimavistarbúar haustið 2016 voru um 100 sem er betra hlutfall en nokkur undanfarin ár. Alltaf er nokkru fækkun á vist frá upphafi til loka annar. Heimavist ME tekur fullsetin 117 íbúa og nýtingarhlutföll 2013 voru 65% að vori og 85% að hausti, miðað við upphaf anna, eða 75% að meðaltali. Ekki er búist við aukinni aðsókn að heimavist á næstu árum, einkum vegna sífellt betri samgangna í fjórðungnum.

13. **Starfsmannamál:** Vor og haust 2016 störfuðu 37 kennarar og stjórnendur við ME. Aðrir starfsmenn voru 10. Í Mötuneyti ME störfuðu 5 starfsmenn vor og haust. Breytingar á starfsliði á árinu voru þessar helstar:

Árni Ólason fyrrum íþróttakennari og síðar áfangastjóri við ME var skipaður nýr skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum þann fyrsta ágúst 2016 til næstu fimm ára.

Arnar Sigbjörnsson fyrrum sálfræðikennari og áfangastjóri ME kom úr námsleyfi og var ráðinn í starf áfangastjóra skólans frá 01. ágúst. Katrín María Magnúsdóttir var ráðinn nýr fjármálastjóri ME í stað Ólafar Zóphoníasdóttur, sem lét af störfum.

Valgerður D Hreinsdóttir íþróttakennari fór í launalaust leyfi skólaárið 2016-2017 og við hennar starfi tók Fannar Ingi Veturliðason. Íris Lind Sævarsdóttir lét af störfum í listgreinakenndu í afleysingum en Ólöf Björk Bragadóttir listgreinakennari kom úr námsorlofi á haustönn. Aðalbjörg Pálsdóttir (ræstingar) og Ingveldur Þórey Eyjólfadóttir (stuðningsfulltrúi) létu af störfum á árinu og Ingibjörg Haraldsdóttir (ræstingar) fór í veikindaleyfi.

Nýráðningar kennara fyrir skólaárið 2016-2017: Dagur Skírni Óðinsson leiðbeinandi í félagsgreinum var ráðinn í afleysingar fyrir Jón Inga Sigurbjörnsson sem var í veikindaleyfi á haustönn. Jóna Bjarnadóttir, leiðbeinandi (efnafræði og stærðfræði) og Soffía Ingvarsdóttir, leiðbeinandi (stærðfræði), voru endurráðnar til eins árs. Nýráðningar annarra starfsmanna: Hilma Lind Guðmundsdóttir (ræstitæknir), Guðrún María Þórðardóttir (mötuneyti) og Selja Hvönn Eðvaldsdóttir (stuðningsfulltrúi).

Stundakennarar á vorönn voru Halldóra Malen Pétursdóttir (leiklist) og Sandra Rut Skúladóttir (lífsleikni).

Stundakennarar á haustönn voru Gróa K. Bjarnadóttir (matreiðsla), Sigurður Mar Halldórsson (ljósmyndun), Sigrún Harðardóttir (uppeldisfræði) og Perla Sigurðardóttir (margmiðlun).

14. **Samstarf:** Skólinn er aðili að Fjarmentaskólanum ásamt 12 öðrum framhaldsskólum í dreifbýli. Skólarnir standa m.a. að framboði ýmissa starfsnámsbrauta með dreifnámssniði. Hér má sjá upplýsingar um tilurð og starfsemi [fjarmentaskólans](#). Samstarf um rekstur kennsluvefs (Moodle) er við FAS, VA, FH og Austurbrú. ME er annars einn af stofnaðilum Austurbrúar. ME er einnig stofnaðili að STARFA – starfsendurhæfingu Austurlands.

Frá miðju ári 2012 hefur ME átt samstarf við sveitarfélagið Fljótsdalshérað um stöðu verkefnisstjóra sviðslista þar sem skólinn hefur lagt til hálfu stöðu á móti sveitarfélaginu. Verkefnastjóri sviðslista hefur m.a. lagt grunn að sviðslistalínu á listabraut ME.

Þetta haustið er leiklistarkennsla við skólann í höndum verkefnisstjóra sviðslista sem sér einnig um uppfærslu á leikriti skólaársins.

Skólinn hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra verkefna á síðustu árum. Í vor lauk margra ára samstarfi um gagnkvæmar nemendaheimsóknir við Max Planck Gymnasium í Trier. Menntaskólanemar í þýsku hafa farið út til Trír annað hvert ár og á móti hafa þeirra nemendur í jarðfræði komið til Íslands.

Í vor lauk fjölpjóðlegu Erasmus verkefni nokkurra skóla undir stjórn ME, sem fjallaði um vötnin í nágrenni skólanna og margs konar verkefni tengd þeim.

15. **Fjármál og rekstur:** Samkvæmt bráðabirgða ársreikningi fyrir árið 2016 varð hagnaður ársins um 3.421.966 milj. kr. á móti tapi árið 2015 upp á -4.135.992 milj. kr.

Til viðbótar við fjárveitingu ársins samkvæmt fjárlögum (429.100.000 milj. kr.) komu 14.761.612 milj. kr. í gegnum millifærslur og uppgjör. Fjárveitingar 2016 miðuðust við 276 ársnemendur en reiknaðir ársnemendur reyndust 284 á vorönn og 316 á haustönn þegar upp var staðið.

Egilsstöðum 10. febrúar 2017

Árni Ólason skólameistari ME
